

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 161 – 26.09.2012

Miðvikudaginn 26. september árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Gunnar Björn Rögnvaldsson og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Lánasamningur við Arionbanka.
2. Framvinda viðræðna við KS um heitt vatn í Vallhólma.
3. Prókúra fyrir Gunnar Björn Rögnvaldsson.
4. Hitaveita í Hegranes 2013
5. Borun í Hrolleifsdal – staða mála.
6. Mælavæðing hitaveitu á Sauðárkróki, Varmahlíð og Steinstöðum.
7. Starfslok Páls Pálssonar veitustjóra.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lagður fram lánasamningur við Arionbanka að upphæð 250.000.000.- til 24 ára lánið er til endurfjármögnunar eldri lána. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir framlagðan lánasamning.
2. Einar og Páll gerðu grein fyrir fundi sem þeir áttu með Þórólfi Gíslasyni kaupfélagsstjóra KS og Bjarna Maronssyni stjórnaformanni KS 21. september sl. vegna sölu á heitu vatni í Vallhólma.
3. Stjórnin samþykkir að veita Gunnari Birni Rögnvaldssyni prókúru fyrir Skagafjarðarveitur ehf.
4. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að fá Verkfræðiskrifstofuna Stoð ehf Sauðárkróki til að hanna hitaveitu í Hegranesi, sem ráðgert er að leggja árið 2013.
5. Gunnar Björn gerði grein fyrir stöðu á borun í Hrolleifsdal. Borinn er komin niðurá 300 m dýpi, í dag verður klárað að fódra holuna og síðan steipt með fóðringunni.
6. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að Páll Pálsson kanni kosti mælavæðingu á heitu vatni á Sauðárkróki, Varmahlíð og Steinstöðum.
7. Páll Pálsson lætur nú af störfum vegna aldurs sem veitustjóri eftir 32 ára starf en hann mun vinna að sérverkefnum næstu mánuði. Stjórn Skagafjarðarveitna þakkar Páli farsæl störf að veitumálum í Skagafirði og óskar honum velfarnaðar. Gunnar Björn Rögnvaldsson mun taka við starfi Páls tímabundið til næstu ármóta og bjóðum við hann velkominn til starfa.
8. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.50

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson veitustjóri (sign)
Gunnar Björn Rögnvaldsson (sign)